



Reykjavíkurborg  
Íþróttá- og tómstundasvið

Skjalnúmer: R11/00296  
Skjalgerð: Ráðhúsið  
20.10.2014  
Eintak: 210

Reykjavík, 17. október 2014  
2011100015  
0.8.1

Samstarf

Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um stefnumótun ungs fólks 16 ára og eldri - tilv. R11100296***

Á fundi íþróttá- og tómstundaráðs í dag var lagt fram bréf borgarráðs frá 15. sept. sl. þar sem óskað er eftir umsögn ÍTR um skýrslu starfshóps í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri. Hjálðgð umsögn var samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta.

Virðingarfyllt,

Ómar Einarsson,  
sviðsstjóri.



Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
Sími 411 5000

## Umsögn Íþróttá- og tómsunduraráðs um stefnu í málefnum ungs fólks

Íþróttá- og tómsunduraráð fagnar því að loks liggja fyrir stefna um málefni ungs fólks 16 ára og eldri í Reykjavík.

Íþróttá- og tómsunduraráð mælir með því við borgarráð að stefnan verði samþykkt og að hugað verði að þeim áherslum sem nefndar eru.

Í stefnunni koma fram fjölmargar ábendingar og tillögur varðandi ungt fólk og snerta þær starfsemi og áætlanir sviða borgarinnar og almenna stjórnsýslu með margvíslegum hætti.

Því er nauðsynlegt að tillögum þessum verði vísað til umfjöllunar og eftirfylgdar hjá öllum sviðum og fagráðum borgarinnar. Einnig mælir íþróttá- og tómsunduraráð með því að stefnan verði kynnt viðkomandi ráðuneytum.

Í síðustu árum hefur náðst gríðarlegur góður árangur í forvörnum meðal unglunga. Íþróttá- og tómsunduraráð bendir á að sama á ekki við um ungmenni á framhaldsskólaaldri. Þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg hugi einnig að áframhaldandi forvörnum, sérstaklega fyrir ungt fólk sem nýtur stuðnings sveitarfélagsins.

Úr forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar:

*„Þrátt fyrir góðan árangur meðal 13-15 ára unglunga hefur þróunin ekki verið á sama veg í aldurshópnum 16-20 ára. Sérstakt áhyggjuefni eru þeir sem hvorki eru í námi né vinnu en hjá þeim mælast allir áhættuþættir hærri og sumir verulega hærri en hjá þeim sem stunda formlegt nám. Meginmarkmið endurskoðaðrar forvarnarstefnu beinast að því að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur meðal barna og unglunga, hlúa að verndandi þáttum allt frá fyrstu æviárum barna og efla forvarnastarf meðal 16-20 ára.“*

Nú þegar er margt gott starf unnið á vegum Reykjavíkurborgar en að ýmsu er að huga. Hér eru dregnar fram nokkrar af þeim áherslum sem koma fram í stefnunni og snúa með beinum eða óbeinum hætti að rekstri og umfangi Íþróttá- og tómsunduráviðs:

- Skipulagt frístundastarf fyrir ungt fólk á vegum félaga og samtaka og borgarinnar sé hvatning til virkrar þátttöku, frumkvæðis og ábyrgðar.
- Formlegt samráð borgar og ungs fólks verði eflt og þróað, t.d. gegnum ungmennaráðin. Tryggt sé að þar hafi ungt fólk raunhæf tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Frístundapjónusta á vegum borgarinnar verði eflað, sér í lagi fyrir ungmenni úti í hverfum.
- Úrræði Hins Hússins, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva varðandi upplýsingamiðlun, félagsleg úrræði, ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk verði styrkt.
- Ýtt verði undir virka þátttöku ungs fólks í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi og stuðning fjölskyldunnar sem stuðlar umfram annað að heilbrigðum lífsstíl.

Í kafla um sköpun og menningu eiga eftirfarandi áherslur við starfsvið Íþróttá- og tómslundasviðs(ráðs):

- Ungu fólki verði skapaður vettvangur til að sinna hugðarefnum sínum og hrinda hugmyndum framkvæmd.
- Listviðburðir ungs fólks verði studdir með ráðum og dáð.
- Möguleikar ungs fólks til skapandi starfa verði eflir.
- Framlag ungs fólks til menningar og lista verði sýnilegt í borginni og endurspeglit í stefnumótun sviða og stofnana borgarinnar.

Í kaflanum um samfélag án aðgreiningar er meðal annars talað um að stuðla þurfi að virkni ungs fólks sem tilheyrir minnihlutahópum og áhættuhópum, svo sem vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna.

Íþróttá- og tómslundaráð hefur á sinni ábyrgð frístundastarf fyrir ungmenni með fötlun. Á síðustu árum hefur ungmennum sem þurfa á slíkri þjónustu að halda fjölgað með ári hverju. Íþróttá- og tómslundaráð telur að móta þurfi skýra framtíðarsýn varðandi málefni fatlaðra ungmenna. Ekki hafi fylgt fjármagn við flutning á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaganna vegna frítímaþjónustu og háí fjárskortur verulega þróun þjónustunnar.

17. okt. 2014